

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Eyjafjarðarsveit.

*Deiliskipulag, íbúðarsvæði í landi Bjarkar.*

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 27. janúar 2022 deiliskipulag fyrir íbúðarsvæði í landi Bjarkar skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið tekur til tveggja einbýlishúsa á íbúðarsvæði sem auðkennt er ÍB28 í aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Eyjafjarðarsveit, 26. apríl 2022.*

**Vigfús Björnsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 10. maí 2022